



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 24.05.2017
1705053 IE

Efni: Umsögn um frv. til laga um breytingu á barnaverndarlögum (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni).

Með tölvubréfi þann 18. maí barst Jafnréttisstofu umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd um frv. til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002, refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni, þingskjal nr. 559, 426. mál, lp. 146.

Jafnréttisstofa leggur áherslu á það sem fram kemur í barnalögum og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að börn eigi rétt á að þekkja og umgangast báða foreldra sína. Mikilvægt er að lagaumgjörð um málefni barna tryggi að svo sé. Í frumvarpi því sem hér er til umsagnar er lagt til að heimilt verði að dæma foreldri sem tálmar eða takmarkar umgengi við barn, þegar úrskurður, dómur, dómsátt eða samningur staðfestur að sýslumanni liggur fyrir. Lagt er til að fangelsisrefsing getið numið allt að fimm árum.

Efni frumvarpsins er nokkuð róttækt og mjög íþyngjandi, bæði fyrir foreldri, en ekki síður fyrir barn. Jafnréttisstofa telur að í greinargerðinni með frumvarpinu séu ekki færð fullnægjandi rök fyrir svo róttækri lagabreytingu. Það er ekki vísað til neinna rannsókna eða tölfræðigagna um umfang þessara mála og afleiðingar. Meðal þess sem sagt er í greinargerðinni er að dagsektaúrræðið virki ekki, en það er ekki skýrt nánar. Einnig segir að úrskurðum um dagsektir sé sjaldan fylgt eftir með fjárnámi. Hvers vegna er það svo? Hvað eru þetta mörg mál á ári? Slíkar upplýsingar hefðu þurft að liggja fyrir til þess að umsagnaraðilar ættu auðveldara með að átta sig á umfangi vandans, hver hann er og hvar hann liggur. Jafnréttisstofa veltir því upp hvort ekki sé hægt að nýta betur þau úrræði sem eru til nú þegar. T.d. mætti kveða á um það að mál vegna dagsekta ættu að sæta flýtimeðferð, enda mjög brýnt að umgengni sé regluleg, þannig að tengsl milli barns og þess aðila sem hefur umgengnisrétt rofni ekki. Það ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að fylgja úrskurðum um dagsektir eftir með fjárnámi og það mætti leggja áherslu á að það sé gert.

Jafnréttisstofa leggur til að gerð verði úttekt á málum þar sem um tálmun eða takmarkanir á umgengni er að ræða. Áður en slíkar upplýsingar liggja fyrir er ekki tímabært að leggja til svo róttækar aðgerðir sem gert er með þessu frumvarpi.

Ingibjörg Elíasdóttir

lögfræðingur